

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 237. fundur.

Miðvikudaginn 17. mars 2021 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar. Fór fundurinn fram í Félagsheimilinu Dalsmynni og hófst klukkan 13:20.

Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Berglind Hlín Baldursdóttir, ritaði fundargerð

Mætt voru:

Jón Gíslason, Jóhanna Magnúsdóttir, Berglind Hlín Baldursdóttir, Sverrir Þór Sverrisson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Jón Árni Magnússon og Einar Kristján Jónsson.

Dagskrá:

1. Bréf sem borist hafa:

- a. *Grími Sigurjónssyni og Jakobi Sigurjónssyni, dagsett, 20. febrúar 2021.*
 - i. **Efni:** Uppsögn á verktakasamningi um refaveiðar á svæðum 10,11 og 12.
- b. *Ferðamálastofu, dagsett, 11. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, vegna verkefnisins Gullsteinn.
- c. *Ferðamálastofu, dagsett, 11. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, vegna verkefnisins Bríet.
- d. *Ferðamálastofu, dagsett, 11. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, vegna verkefnisins Vatnsdalshólar, göngustígur.
- e. *Ferðamálastofu, dagsett, 5. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, vegna Prístapa.
- f. *Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), ódagsett í febrúar 2021.*
 - i. **Efni:** Upplýsingar um bækling til foreldra um mikilvægi þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi.
- g. *Jafnréttisstofu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 2. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög.

2. Fundargerðir:

- a. *Hússtjórn Húnavers, frá 10. mars 2021.*
- b. *Æskulýðs- og menningarnefnd, frá 8. mars 2021.*
- c. *53. fundur Skipulags- og byggingarnefndar, frá 16. mars 2021.*
- d. *Stjórn Byggðasamlags um brunavarnir, frá 4. mars 2021.*
- e. *64. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 2. mars 2021.*



3. Sameining sveitarfélaga:

- a. *Skilabréf.*
- b. *Álit samstarfsnefndar um sameiningu Blönduósþéjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar.*

4. Samningar:

- a. *Málefni fatlaðsfólks á Norðurlandi vestra.*

5. Önnur mál:

- a. *Drög af stefnu vegna fasteignamats.*

Oddviti setti fundinn klukkan 13:20.

Dagskrá:

1. Bréf sem borist hafa:

- a. *Grími Sigurjónssyni og Jakobi Sigurjónssyni, dagsett, 20. febrúar 2021.*
 - i. **Efni:** Uppsögn á verktakasamningi um refaveiðar á svæðum 10,11 og 12.
 1. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að auglýsa refaveiði á svæðum 10, 11 og 12.*
- b. *Ferðamálastofu, dagsett, 11. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, vegna verkefnisins Gullsteinn.
 1. *Lagt fram til kynningar.*
- c. *Ferðamálastofu, dagsett, 11. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, vegna verkefnisins Bríet.
 1. *Lagt fram til kynningar.*
- d. *Ferðamálastofu, dagsett, 11. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, vegna verkefnisins Vatnsdalshólar, göngustígur.
 1. *Lagt fram til kynningar.*
- e. *Ferðamálastofu, dagsett, 5. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, vegna Þrístapa.
 1. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn fagnar því að Húnavatnshreppur hafi fengið 51.500.000 kr. til að klára verkefni við Þrístapa.*
- f. *Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), ódagsett í febrúar 2021.*
 - i. **Efni:** Upplýsingar um bækling til foreldra um mikilvægi þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi.
 1. *Lagt fram til kynningar.*
- g. *Jafnréttisstofu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 2. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög.
 1. *Lagt fram til kynningar.*

2. Fundargerðir:

- a. *Hússtjórn Húnavers, frá 10. mars 2021.*
 - i. *Lagt fram til kynningar.*
- b. *Æskulýðs- og menningarnefnd, frá 8. mars 2021.*
 - i. *Lagt fram til kynningar.*
 1. *Sveitastjórn fer fram á að umhverfisverðlaun verði veitt fyrir árin 2020 og 2021 á þessu ári.*

c. 53. fundur Skipulags- og byggingarnefndar, frá 16. mars 2021.

i. Lagt fram til kynningar eða afgreiðslu.

1. Borgarbyggð - Ósk um umsögn vegna skipulags- og matslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu í landi Hafþórsstaða og Sigmundarstaða í Borgarbyggð.

a. Borgarbyggð óskar eftir umsögn vegna skipulags- og matslýsingar, breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar.

i. Nefndin gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

2. Ás - Niðurrif húsa.

a. Erindi frá Ragnheiði Laugu Jónsdóttur og Birni V. Björnssyni Ási. Umsókn um niðurrif eftirfarandi bygginga: Fjárhús (06-0101), fjárhús (14-0101) F21355465 Ás. Haughús (08-0101), votheysturn (10-0101), blásarahús (16-0101) F2135546 Ás 2.

i. Nefndin samþykkir niðurrif húsanna. Með fyrirvara um að fullnægjandi gögn berist.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

3. Ás 2 - Niðurrif húsa.

a. Erindi frá Ragnheiði Laugu Jónsdóttur og Birni V. Björnssyni Ási. Umsókn um niðurrif eftirfarandi bygginga: Haughús byggt.1952, 99,1 m², merking 08 0101. Votheysturn byggt.1952, 10,2 m² merking 10 0101. Blásarah/súgþurrkun byggt. 1977, 10,8 m², merking 16 0101.

i. Nefndin samþykkir niðurrif húsanna, með fyrirvara um að fullnægjandi gögn berist.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

4. Umsókn um tilkynnta framkvæmd - Dæluhús við Dalsmynni – Utanhússklæðning.

a. Erindi frá Húnavatnshreppi, umsókn um tilkynnta framkvæmd. Sótt er um leyfi skv. c. lið 2.3.53 gr. byggingarreglugerðarinnar nr. 112/2012 til að einangra og klæða utan Hundahreinsunarhús, matshluti nr. 18 í Stekkjardal. Húsið er nú dæluhús fyrir neysluvatn. Meðfylgjandi er teikning gerð hjá Ráðbarði sf. af Bjarna Þór Einarssyni byggingartæknifræðingi dags.2. febrúar 2021.

i. Nefndin samþykkir byggingaráformin.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

5. *Auðkúlurétt, Dalsmynni, Hundadalur- Umsókn um stofnun lóða og skráningu í landskrá fasteigna.*
 - a. Umsókn frá Stekkjardal ehf. um stofnun tveggja lóða úr landi Stekkjardals lnr. 1453129. 1) Lóðina Auðkúlurétt lnr. 231188 19.501m² undir og umhverfis Auðkúlurétt ásamt safngirðingu. 2) Lóðina Hundadal lnr. 231187 211m² undir dæluhús (áður hundahreinsunarhús) og er mathluti 18 í Stekkjardal lnr. 145319. Jafnframt er sótt um að skrá stærð og staðsetningu lóðarinnar Dalsmynni lnr. 145320 sem er 20.762m². Meðfylgjandi er hnitsettur afstöðuuppráttur, gerður hjá Ráðbarði sf. af Bjarna Þór Einarssyni, byggingatæknifræðingi nr. HD0701 í verki nr. 210102 dags. 8. febrúar 2021.
 - i. *Nefndin samþykkir stofnun lóðanna. Nefndin staðfestir stærð og lögum á lóðinni við Dalsmynni með fyrirvara um samþykki landeiganda Stekkjardals.*
 1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.
6. *Hjarðartunga - Umsókn um niðurrif.*
 - a. Erindi frá Ingimari Jóhannssyni eiganda Hjarðartungu F2135712 um niðurrif fjárhúss matshl. 050101.
 - i. *Nefndin samþykkir niðurrif hússins..*
 1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.
7. *Vegagerðin - Umsókn um framkvæmdaleyfi.*
 - a. Erindi frá Vegagerðinni. Ósk um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr Kúfustaðanámu (18049). Meðfylgjandi eru loftmynd og frekari skýringar frá vegagerðinni.
 - i. *Náman er á aðalskipulagi og framkvæmdin fellur innan þess. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdarleyfi.*
 1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.
8. *Gedduhöfði – aðalskipulag.*
 - a. Lögð er fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022. Viðfangsefni breytingarinnar er að skilgreina nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði fyrir gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði og vatnsvernd. Samhliða er gert deiliskipulag fyrir svæðið. Skipulagslýsing hefur verið auglýst og í meðfylgjandi tillögu er búið að bregðast við athugasemdum frá umsagnaraðilum. Meðfylgjandi er uppráttur og greinargerð unnið af Landmótun dags. 12.03.2021. Ásamt umsögnum frá umsagnaraðilum.



- i. *Nefndin fór yfir umsagnirnar og samþykkir aðalskipulagsbreytinguna sem hefur verið uppfærð miðað við umsagnir. Skipulagsfulltrúa falið að afgreiða tillöguna skv. 30 gr. skipulagslaga.*

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

9. *Gedduhöfði – deiliskipulag.*

- a. *Lögð er fyrir tillaga að deiliskipulagi við Gedduhöfða fyrir gangnamannahús og aðstöðu. Um er að ræða gangnamannskála allt að 500m², hesthús allt að 300m² og aðrar byggingar allt að 200m². Samhliða er gerð breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022. Meðfylgjandi er tillaga unnin af Landmótun dags. 12.03.2021.*

- i. *Nefndin samþykkir deiliskipulagstillöguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa hana samhliða tillögu um breytingu á aðalskipulaginu um sama efni skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

10. *Húnavellir 5 - Umsókn um tilkynnta framkvæmd.*

- a. *Erindi frá Húnavatnshreppi. Umsókn um tilkynnta framkvæmd, endurnýja á inniviði íbúðar á 2. hæð, breyta hitakerfi hennar í gólfhita og breyta aðgengi og nýr gluggi. Meðfylgjandi er teikning gerð hjá Ráðbarði sf. af Bjarna Þór Einarssyni byggingartæknifræðingi. Teikning nr. 210103 - HV50101 dagsett 15. mars 2021.*

- i. *Nefndin samþykkir byggingaráformin. En getur ekki fallist á að framkvæmdin sé tilkynnt framkvæmd og bendir á að það þurfi að sækja um byggingarleyfi.*

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

11. *Eyjólfsstaðir - Umsókn um framkvæmdarleyfi.*

- a. *Erindi frá Viðari Má Matthíassyni eiganda jarðarinnar Eyjólfsstaða. Sótt er um framkvæmdarleyfi til skógræktar í landi Eyjólfsstaða á 47 ha landsvæði.*

- i. *Nefndin samþykkir áformin með fyrirvara um samþykki lóðareiganda sumarbústaðalands og næstu jarða. Leita þarf umsagnar Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Eldvarnareftirlits.*

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

- d. *Stjórn Byggðasamlags um brunavarnir, frá 4. mars 2021.*

- i. *Lagt fram til kynningar.*

- e. 64. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 2. mars 2021.
- i. Lagt fram til kynningar.

3. Sameining sveitarfélaga:

- a. Skilabréf.
- b. Álit samstarfsnefndar um sameiningu Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar.

- i. Í októbermánuði 2020 samþykktu sveitarstjórnir Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samstarfsnefnd hefur skilað álitinu til sveitarstjórna með skilabréfi dags. 8. mars.

Samstarfsnefndin hefur komið saman á 9 bókuðum fundum. Samstarfsnefnd skipaði 6 starfshópa sem fjölluðu um málaflokka sveitarfélaganna og lögðu fram efni og upplýsingar í greiningu og tillögugerð. Minnisblöð frá vinnu starfshópa eru aðgengileg á vefsíðu verkefnisins og hefur verkefnið verið kynnt á tveimur íbúafundum.

Það er álit Samstarfsnefndar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna fjögurra í eitt. Lagt er til að atkvæðagreiðsla fari fram laugardaginn 5. júní 2021 í öllum sveitarfélögum. Jafnframt leggur nefndin til að samstarfsnefnd verði falið að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum sveitarfélaganna.

Samstarfsnefndin leggur einnig til við sveitarstjórnirnar að þær lýsi því yfir að þær muni ekki nýta heimild í 2. mgr. í 120. gr. sveitarstjórnarlaga, komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna, nema að undangengnu samráði við íbúa. Í því felst að hafni íbúar einhvers sveitarfélaganna tillögu um sameiningu í kosningum, munu aðrar sveitarstjórnir ekki taka ákvörðun um sameiningu þeirra sveitarfélaga án þess að hafnar verði nýjar sameiningarviðræður og kosið að nýju.

1. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir að atkvæðagreiðsla fari fram 5. júní 2021 og felur samstarfsnefnd að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum. Sveitarstjórn lýsir því yfir að hún mun ekki nýta heimild í 2. mgr. í 120. gr. sveitarstjórnarlaga, komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna, nema að undangengnu samráði við íbúa. Sveitarstjórn vísar málinu til síðari umræðu sbr. 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. SPS, sat hjá við afgreiðslu málsins.

- a. Sveitarstjórn leggur áherslu á að fylgt verði þeim áherslum sem fram hafa komið á fundum samstarfsnefndar með þingmönnum og ráðherrum varðandi brýn verkefni í atvinnu- og byggðamálum í Austur-Húnavatnssýslu. Svo sem stuðningi við stofnun



Umhverfisakademíu, uppbyggingu ferðamannastaða, og fjölgun starfa við innheimtumiðstöð Sýslumannsins á Norðurlandi vestra á Blönduósi og Vinnumálastofnunar á Skagaströnd. Þá er að mati sveitarstjórnar mikilvægt að áttak verði gert í uppbyggingu héraðs- og tengivega með það fyrir augum að tryggja greiðar samgöngur innan nýs sveitarfélags.

4. Samningar:

a. Málafni fatlaðsfólks á Norðurlandi vestra.

- i. Lagt fram að nýju. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk á milli sveitarfélaganna Akrahrepps, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

5. Önnur mál:

a. Drög af stefnu vegna fasteignamats.

- i. Sveitarstjóri lagði fram til kynningar, drög af stefnu um að sveitarfélagið höfði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Margréti Hauksdóttur, forstjóra Þjóðskrár Íslands, með starfsstöð í Borgarútni 21, 105 Reykjavík, fyrir hönd Þjóðskrár Íslands, og Herði Arnarsyni forstjóra Landsvirkjunar, með starfsstöð að Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, f.h. Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, til ógildingar á úrskurði yfirfasteignamatsnefndar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundargerð verður undirrituð síðar
Fundi slitið kl. 15:20.

Jón Gíslason

Sverrir Þór Sverrisson

Berglind Hlín Baldursdóttir

Ragnhildur Haraldsdóttir

Jóhanna Magnúsdóttir

Þóra Sverrisdóttir

Jón Árni Magnússon

Einar Kristján Jónsson